Skólaráðsfundur 5. mars 2020

Viðstaddir: Erna skólastjóri, Guðrún Ólafía og Auður fulltrúar kennara, Guðbjörn fulltrúi annarra starfsmanna, Anna María og Ingólfur fulltrúar foreldra, Emma Stína og Valgerður fulltrúar nemenda.

Skóladagatal 2020-2021.

Skólastjóri leggur fram drög að skóladagatali fyrir næsta skóladagatal og gerir grein fyrir fráviksdögum s.s. skertum dögum og skipulagsdögum. Fulltrúi foreldra spyr hvort haustfundir verði aftur á skólasetningardegi eins og síðasta haust og skólastjóri svarar að það standi til að prófa það aftur. Fulltrúar kennara benda á að það sé ekki heppilegt að hafa námsviðtöl á þriðjudegi og miðvikudegi.

Sjálfsmatsskýrsla 2017-2019.

Skólastjóri leggur fram sjálfsmatsskýrslu Álftanesskóla og gerir grein fyrir söfnun gagna.

Eitt af því sem þarf að bæta eru upplýsingar milli heimilis og skóla. Fulltrúar foreldra benda á að Mentor sé alls ekki heppilegur vettvangur samskipta, mjög flókinn vefur og hefur versnað að þeirra mati. Skólastjóri nefnir hvort þurfi að skoða hvort kennarar nýti Mentor en fulltrúi foreldra bendir á að þetta hafi alls ekki með störf kennara að gera, þeir standi sig vel í samskiptum en kerfið sé flókið. Fulltrúi foreldra spyr hvort ekki þurfi að þrýsta á Mentor sem fyrirtæki um að bæta. Fulltrúar nemenda telja að vandinn sé frekar að kennarar setji ekki inn efni, a.m.k. sumir kennarar. Í opnum svörum töldu foreldrar að samskipti heimilis og skóla væru góð.

Skólastjóri fjallar um tilraunir til breyttra námsviðtala, í könnun kom fram óánægja með þau en við vitum ekki hvort sú óánægja er dreifð yfir árganga eða staðbundin. Þarf að skoða betur hvaða leiðir er hægt að nota í viðtölum.

Fulltrúi foreldra nefnir að námsmatsblað sem var sent heim síðast hafi verið mjög flókið, skólastjóri svarar að það þurfi að útskýra það betur.

Skólastjóri segir að nemendur í Álftanesskóla skeri sig ekki úr varðandi landsmeðaltal.

Ánægja af lestri rædd, fulltrúi nemenda bendir á að nemendur þurfa að hafa meira val um hvað þeir lesa og nefnir að hægt væri að bjóða nemendum upp á að lesa vissan fjölda bóka og ræða þær við kennara.

Þarf að skoða enskukennslu betur, fulltrúar nemenda telja að það þurfi meiri fjölbreytni í kennsluna.

Skýrslan verður sett á netið og gerð opinber.

Mætingar nemenda: Viðmið Garðabæjar – viðmið skólans.

Skólastjóri kynnir verkferla sem eru sameiginlegir fyrir alla skóla í Garðabæ og ferla Álftanesskóla sem snúa að seinkomum nemenda. Sem stendur eru kennarar skólans að máta sig við þessa ferla, prófa hvernig þeir virka. Umræða um að skólinn byrji seinna á morgnana og allir sammála um að heppilegt sé að byrja suma morgna aðeins seinna a.m.k. á elsta stigi.

Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um nemendaverndarráð, skólastjóri svarar og gerir grein fyrir því.

Ytra mat 25.- 30. mars.

Menntamálastofnun sendir tvo fulltrúa sem taka skólann út. Í kjölfarið fær skólinn skýrslu og gerir umbótaáætlun.

Skólabygging – skólalóð.

Húsnæðismál standa til bóta, fulltrúi nemenda nefnir að það hafi komið fram á nemendaþingi að nemendur séu orðnir þreyttir á aðstæðum. Aðstæður hafa verið mjög erfiðar en gengið ótrúlega vel.

Öryggisúttekt verður gerð á öllu húsnæðinu um miðjan mars.

Breytingar á starfsmannahaldi.

Námsráðgjafi er kominn í barnsburðarleyfi. Nýr námsráðgjafi mun leysa hana af.

Önnur mál.

Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um hvernig staðan er í skólamálum varðandi Covid-19. Skólastjóri gerir grein fyrir hvað hefur verið gert varðandi hreinlæti og slíkt. Vinnum undir almannavörnum, höldum ró okkar og pössum upp á samskipti við heimilin.

Fundið slitið.